

Alþingi
b/t starfshóps um endurskoðun kosningalaga.
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Dalvíkurbyggð, 15. janúar 2019
nr. erindis 201901004 GPJ

Efni: Varðar umsögn um endurskoðun kosningalaga

Vísað er til erindis starfshóps um endurskoðun kosningalaga dagsett þann 19. desember 2018 þar sem óskað er eftir athugasemdum.

Á þessu stigi tekur sveitarfélagið Dalvíkurbyggð jákvætt í eftirfarandi hugmyndir:

- Að tekið verði til skoðunar að sett verði heildarlöggjöf um framkvæmd kosninga til Alþingis, kosninga til sveitarstjórnar, framboð og kjör forseta Íslands og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.
- Rafrænar kjörskrár og að framkvæmd kosninga verði með rafrænum hætti.
- Að Þjóðskrá útbúi kjörskrár í stað sveitarstjórnar og taki á móti athugasemdum um kjörskrár til afgreiðslu.

Dalvíkurbyggð vill einnig koma á framfæri að brýnt er að huga að framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og hver þróunin hefur orðið á undanförunum árum með fækkun skrifstofa Sýslumanna um landið og/eða að dregið hefur verið úr opnunartíma útibúa. Dalvíkurbyggð er eitt þeirra sveitarfélaga þar sem embætti Sýslumanns hefur dregið verulega úr viðveru og opnunartíma útibús Sýslumannsins á Norðurlandi eystra á Dalvík. Árin 2017 og 2018 sáu því Skrifstofur Dalvíkurbyggðar um að bjóða kjósendum upp á atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í samvinnu við embætti Sýslumanns, en án endurgjalds frá ríkinu fyrir þá þjónustu.

Undanfarin misseri hefur verið nokkuð áberandi í umræðunni hve dregið hefur úr þátttöku kjósenda í kosningum. Það er því spurning hvort hægt sé með einhverjum hætti að auðvelda aðgengi kjósenda að kjörborðinu í nútímaþjóðfélagi og möguleg áhrif á þátttökuna til hins betra.

Virðingarfyllst,
f.h. Byggðaráðs Dalvíkurbyggðar

Guðrún Pálína Jóhannsdóttir
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs



Fjármála- og stjórnsýslusvið

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR